

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík, 16. september 2022
UST202208-256/B.S.
10.04.01

Efni: Aðalskipulag Rangárþings Ytra - Rimakotslína 2. Umsögn

Vísað er til erindis Rangárþings ytra dags. 25. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna lagningar jarðstrengs sem kallast Rimakotslína 2 frá tengivirki við Helli um tengivirki við Hvolsvöll og þaðan að tengivirki við Rimakot í Rangárþingi eystra og þaðan er ráðgert að leggja strenginn áfram til Vestmannaeyja.

Stefnt er að því að leggja strenginn að mestu meðfram vegum og slóðum. Milli Helli og Hvolsvallar er ráðgert að leggja hjólastíg á strengleiðina. Þar sem strengurinn þverar Hróarslæk og Eystri-Rangá verður strengurinn lagður í rör og hengdur í brýr.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við framkvæmdina enda henta aðstæður á Suðurlandi einstaklega vel til lagningar jarðstrengja þar sem eingöngu er um laus jarðlög að ræða.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir,
sérfræðingur